

Mál nr. 7/2015**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamsmeiðsla við aftanákeyrslu.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 8.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags 20.1.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24.4.2013 var bifreið (hér eftir nefnd A) ekið aftan á kyrrstæða bifreið sem málskotsaðili (hér eftir nefndur M) ók á Áslandi við Ásbraut í Hafnarfirði. Samkvæmt gögnum málsins mun lítið tjón hafa orðið aftan á bifreið þeirri sem M ók, en ekkert tjón á A. M kenndi eymsla eftir áreksturinn og leitaði samdægurs til læknis á heilsugæslustöð. Við þá skoðun er skráð í sjúkraskrá að hann hafi verið stífur við hreyfingar um hálsliði og átt erfitt með „extension og rotation“. Eymisli hafi verið „paravertebralt“ upp hálsinn og í hnakkafestum. Hann leitaði einnig á heilsugæslustöðina 15.8.2013 vegna einkenna og óskað þá eftir beiðni í sjúkraþjálfun.

Einnig liggur fyrir læknisvottorð frá sömu heilsugæslustöð þar sem gerð er grein skráningum í sjúkraskrá M með tilliti til stoðkerfiseinkenna frá árinu 1999. Þar kemur m.a. fram í skráningu hinn 17.8.2000 að M eigi eldri sögu um óhapp í júdó þar sem hann hafi skolið niður og hugsanlega fengið á sig slink og þá um sumarið haft vaxandi verki í herðum og hálsi og höfuðverk bæði í hnakka og enni. Hinn 24.4.2001 er skráð að M sé einlægt með óþægindi í hálsinum, en hann hafi lent í aftanákeyrslu sumarið áður. Í komu 25.2.2013 hefur M kvartanir frá hálsi sem stífni og festist, hann hafi haft slæma vöðvabólgu í þrjár vikur. Er einnig frá því greint að ekið hafi verið aftan á hann 13 árum áður og átt í vanda með hálsinn, en farið reglulega til sjúkraþjálfara og það haldið einkennum niðri.

Vegna slyssins 24.4.2013 leitaði M eftir bótum hjá Sjúkratryggingum Íslands. Í „tillögu að matsgerð til ákvörðunar örorku“, dags. 17.11.2012, sem unnin var fyrir stofnunina af tilgreindum lækni er gerð grein fyrir sjúkrasögu M svo sem að ofan greinir. Segir í niðurstöðukafla tillögunnar að ekki sé hægt að útiloka að M hafi versnað við áreksturinn og „rétt að meta miska, vegna slyssins þann 24.04.2013, 4% og slysaörorkuna 4%“. Í ákvörðun yfirtryggingalæknis, dags. 12.12.2014, segir að í tillögunni sé forsendum örorkumats rétt lýst og að rétt sé metið með vísan til miskataflna örorkunefndar. Sé tillagan því réttur grundvöllur ákvörðunar SÍ um að varanleg læknisfræðileg örorka M vegna slyssins 12.4.2013 sé hæfilega ákveðin 4%.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Að beiðni X var af hálfu fyrirtækisins Aðstoðar og Öryggis (hér eftir nefnt B) reiknaður út þyngdarkraftur sem verkaði á bifreið þá sem M var farþegi í er áreksturinn varð og taldist hann vera 0,37g. M.a. með vísan til þessa útreiknings og gagna málsins að öðru leyti hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og að ofan greinir liggur fyrir álitgerð læknis auk ákvörðunar yfirtryggingalæknis Sjúkratrygginga Íslands um að læknisfræðileg örorka M af völdum slyssins 24.4.2013 er metin 4%. Rökstuðningur í matinu verður að teljast rýr í roðinu. Hins vegar liggja engin læknisfræðileg gögn fyrir í málinu sem beinlínis hnekkja þessu mati. Þá má vissulega á það fallast að ekki verði annað ráðið en það högg sem hlaust við áreksturinn hafi verið mjög vægt eins og útreikningar B

gefa til kynna. Af þeim útreikningi verður þó ekki komist að einhlítri niðurstöðu um það að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Þegar litið er til fyrirliggjandi gagna, og þá einkum áðurnefndra gagna frá Sjúkratryggingum Íslands, verður að telja nægilega sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þótt ekki verði tekin afstaða til þess hvort um varanlegt líkamstjón sé að ræða eða einungis tímabundið. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni við téðan árekstur sem er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.